




Gæðahandbók – Forvarnir

Heiti skjals:	VLV- 04-06-02
Dags.:	15.11.2013
Eldra skjal:	06.02.2012
Staðfest af:	

Móttaka og geymsla aðfanga

Móttaka á ferskri rækjuskel:

- Starfsmaður skoðar rækjuskelina við móttöku, gerir skynmat og skráir hvaðan skelin kemur, dagsetningu, magn og hvort hráefni standist kröfur skv. **VLV 08-11**. Afhendingaseðill sem fylgir hráefninu er stimplaður með móttökustimpli og skráningar gerðar á hann. Ef hráefni stenst ekki kröfur er því hafnað. **Sýnatöku- og vöktunaráætlun VLV 05-01-02**.
- Rækjuskelin kemur í lokuðum gámabíl og er sturtað í móttöku.
- Þegar tekið er á móti bíl skal fara út með stóru vatnsslönguna sem er við litlu hurð og tengja við gám á bíl en hleypið ekki þrýstingi á fyrir en slangan hefur verið tengd. Gætið þess að setja ekki of mikið vatn í gáminn. Ágætt er að skrúfa fyrir eftir ca. 7 mín. eða þar til skel fer að auka skrið úr gám. Þegar bíll er búinn að losa skal fara út og taka slöngu af og moka inn skel ef eitthvað hefur farið út fyrir. Smúla skal plan og halda hreinu.
- Ef skelin kemur frá Ramma hf. er henni dælt inn á sér dælu og þarf að skrúfa sveif fyrir utan verksmiðju til að veita inn í móttöku eða út í sjó. Athugið að skel frá Ramma á alltaf að veita inn í móttökutank þegar vinnsla er í gangi.
- Vaktstjóri og/eða verkstjóri segja til um hvenær á að dæla.
- Áður en byrjað er að dæla skal athuga hvort steinagildirur á sigtum og kónn á pressu séu ekki örugglega lokaðar.
- Skrúfið frá vatni fyrir ofan dælubrunn og vatni við stóru hurð.
- Takki fyrir dælu er á súlu á milli tanka og athugið að hafa hæfilega stýringu á hraðastýringu svo að snigill á milli sigta sé alltaf hálffullur. Hægt er fylgjast með í spegli sem er fyrir ofan snigil.
- Notast er við vatn úr vatnsslöngum til að koma skel að dælubrunni.
- Ef snigill fyllist skal drepa á dælu, bíða þar til hann verður hálffullur aftur og kveikja svo aftur á dælu og finna hæfilega stillingu.
- Þegar hætt er að dæla skal drepa á dælu, skrúfa fyrir allt vatn sem notað var í dælingu. Smúla skal yfir tanka, pressuhliðar á sigtum og undir áður en móttaka er yfirgefin.
- Í lok vaktar skal háþrýstipvo sigti og göll á pressu. Skola þarf líka innan úr pressu og langa snigil sem liggur að tönkum. Skola þarf yfir vegg, hliðar og undir sigtum og allsstaðar sem rækjuskel liggur.
- Sápukvoða skal tanka, pressu, snigla, sigti, bita og vegg einu sinni í viku.
- Gangið frá öllum áhöldum eftir notkun.
- Fylgst er stöðugt með losun og dælingu á hráefni í stjórnstöð.

	Gæðahandbók – Forvarnir	
	Heiti skjals:	VLV- 04-06-02
	Dags.:	15.11.2013
	Eldra skjal:	06.02.2012
	Staðfest af:	
Móttaka og geymsla aðfanga		

Móttaka á öðrum hráefnum og aðföngum:

Við móttöku vöru skal skoða hana gaumgæfilega og hafa eftirfarandi atriði í huga:

- Skoða best fyrir merkingu á vörunni (ef við á)
- Athuga hvort umbúðir séu heilar og órofnar
- Samþykkt þarf að varan standist kröfur FCC eða sambærilegar kröfum lýst í **Aðföng VLY 04-06-02**. Efni til þrifa og gerileyðingar þurfa að vera á lista MAST yfir leyfð efni í matvælafyrirtækjum skv. reglugerð **nr. 522/1994**. Kvitta skal nafn þess sem tók við og mat ástand vörunar á fylgiskjali ásamt því að fylla út umbeðnar upplýsingar samkvæmt fylgiskjöllum 1-4 fyrir móttöku aðfanga.
- Skrifa komudag á umbúðir og fylgiskjal.

Þegar búið er að skoða vöruna er móttaka hennar staðfest og varan samþykkt með því að stimpla með móttökustimpli á fylgiseðil og kvitta fyrir.

Að lokum er varan geymd við bestu mögulegu skilyrði hverju sinni.

Móttaka á umbúðum:

Við móttöku á umbúðum er athugað hvort um réttar umbúðir er að ræða með því að bera vörunúmer saman við vörunúmer á pöntunarblaði. Umbúðir skulu leyfð að vera í snertingu við matvæli samanber Evrópu tilvísun **90/128/EEC** og **92/39/EEC** eða FDA reglugerðar **21 CFR: 177.1250**

Þegar búið er að skoða umbúðir er móttaka þeirra staðfest og þær samþykktar með því að stimpla með móttökustimpli á fylgiseðil og kvitta fyrir

Umbúðir eru geymdar í þurri umbúðageymslu. Þeim er staflað á bretti sem standa frá veggjum til að hindra rakamyndun og tryggja fullnægjandi eftirlit með meindýrum.

Tilvísun

Móttaka VLY 08-11

Sýnatöku- og vöktunaráætlun VLY 05-01-02

Aðföng VLY 04-06-02

Reglugerð nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla

Tilvísun 90/128/EEC og 92/39/EEC; Plactic material and articles intended to come into contact with foodstuff

Requirements of the Food and Drug Administration Regulations 21 CFR: 177.1250

Fylgiskjal númer 1-4 fyrir aðföng VLY-04-06-03 – VLY-04-06-06